

REGLUGERÐ

um frítekjumörk í tengslum við greiðslur almannatrygginga og félagslega aðstoð á árinu 2026.

1. gr.

Með frítekjumarki er í reglugerð þessari átt við fjárhæð tekna á ári sem hvorki hefur áhrif á greiðslur samkvæmt lögum um almannatryggingar annars vegar og á greiðslur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð hins vegar.

Frítekjumörk aldursviðbótar örorku- og hlutaörorkulífeyris ásamt heimilisuppbót örorku-, hlutaörorkulífeyris og sjúkra- og endurhæfingargreiðslna eru sameiginleg með örorkulífeyri, hlutaörorkulífeyri og sjúkra- og endurhæfingargreiðslum. Frítekjumörk þeirra greiðsluflokka eru því ekki sýnd sérstaklega í reglugerð þessari.

2. gr.

Frítekjumörk vegna greiðslna samkvæmt lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007, skulu vera sem hér segir á árinu 2026:

a.	Ellilífeyrir skv. 3. mgr. 22. gr.:	<i>frítekjumark kr.</i>
i.	Almennt	523.896
ii.	Vegna atvinnutekna	2.524.800
b.	Hálfur lífeyrir skv. 4. mgr. 22. gr.:	
i.	Almennt	4.102.800
ii.	Vegna atvinnutekna	2.524.800
c.	Örorkulífeyrir skv. 3. mgr. 30. gr.:	1.262.400
d.	Hlutaörorkulífeyrir skv. 4. mgr. 30. gr.:	
i.	Almennt	1.262.400
ii.	Vegna atvinnutekna	3.156.000
e.	Sjúkra- og endurhæfingargreiðslur skv. 9. mgr. 27. gr.:	
i.	Almennt	504.960
ii.	Vegna atvinnutekna	2.019.840

3. gr.

Frítekjumörk vegna greiðslna samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, skulu vera sem hér segir á árinu 2026:

a.	Heimilisuppbót með ellilífeyri skv. 2. mgr. 8. gr.:	<i>frítekjumark kr.</i>
i.	Almennt	523.896
ii.	Vegna atvinnutekna	2.524.800
iii.	Með hálfum ellilífeyri	4.102.800
iv.	Með hálfum ellilífeyri vegna atvinnutekna	2.524.800

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 63. gr., sbr. 62. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, og 14. gr. laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, öðlast gildi 1. janúar 2026. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 1482/2024 um fjárhæðir frítekjumarka (tekjumarka) almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar fyrir árið 2025.

Félags- og húsnæðismálaráðuneytinu, 19. desember 2025.

Inga Sæland.

Ásgeir Runólfsson.

B deild - Útgáfudagur: 29. desember 2025